

REGLUGERÐ EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS (ESB) 2019/517

2020/EES/50/21

frá 19. mars 2019

um að taka í notkun höfuðlénið .eu og hlutverk þess og um breytingu og niðurfellingu á reglugerð (EB) nr. 733/2002 sem og niðurfellingu á reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 874/2004 (*)

EVROPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFAR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, einkum 172. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins,

eftir að hafa lagt drög að lagagerð fyrir þjóðþingin,

með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndar Evrópusambandsins (1),

að höfðu samráði við svæðanefndina,

í samræmi við almenna lagasetningarmeðferð (2),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 733/2002 (3) og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 874/2004 (4) var höfuðlénið .eu stofnað. Frá því þessar reglugerðir voru samþykktar hefur stjórn mála- og lagarammi Sambandsins, netumhverfið og markaðurinn tekið umtalsverðum breytingum.
- 2) Hin hraða þróun innan markaðarinnar fyrir höfuðlén og hið öfluga, stafræna tækniumhverfi krefst sveigjanlegs og framtímamiðaðs regluverks. Höfuðlénið .eu er eitt mest notaða landshöfuðlénið (e. *country code Top-Level Domain (ccTLDs)*). Stofnanir, sérstofnanir og einingar innan Sambandsins nota höfuðlénið .eu, þ.m.t. í tengslum við evrópsk verkefni og framtaksverkefni. Tilgangur höfuðlénsins .eu er, fyrir tilstuðlan góðrar stjórnunar, að stuðla að því að efla auðkenni Sambandsins og kynna gildi þess á Netinu, s.s. fjöltengi, virðingu fyrir friðhelgi og öryggi notenda og virðingu fyrir mannréttindum ásamt sértækum forgangsmálum á Netinu.
- 3) Höfuðlén eru mikilvægur þáttur í hinu stigskipta skipulagi lénsheitakerfisins sem tryggir rekstrarsamhæft kerfi einkvæmra auðkenna sem eru tiltæk um allan heim, í öllum hugbúnaði og í öllum netkerfum.
- 4) Höfuðlénið .eu ætti að stuðla að notkun og aðgangi að tenginetum Netsins, í samræmi við 170. og 171. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins, með því að bjóða upp á skráningu til viðbótar við fyrirliggjandi landshöfuðlén eða við hnattræna skráningu á almennum höfuðlénum.
- 5) Höfuðlénið .eu, sem er skýrt og auðþekkjandi merki, ætti að skapa auðgreinanlega tengingu við Sambandið og evrópska markaðinn. Það ætti að gera fyrirtækjum, samtökum og einstaklingum innan Sambandsins kleift að skrá lénsheiti undir höfuðléninu .eu. Tilvist slíks lénsheitis er mikilvægt til að styrkja auðkenni Sambandsins á Netinu. Því ætti að breyta reglugerð (EB) nr. 733/2002 til að leyfa borgurum Sambandsins að skrá höfuðlén .eu, óháð búsetustað þeirra, frá og með 19. október 2019.
- 6) Með fyrirvara um tiltækileika ætti að úthluta aðilum, sem uppfylla tilskilin skilyrði, lénsheitum undir höfuðléninu .eu.
- 7) Framkvæmdastjórnin ætti að stuðla að samstarfi milli skráningarstofunnar, Hugverkastofu Evrópusambandsins og annarra sérstofnana Sambandsins, með það fyrir augum að berjast gegn skráningum lénsheita sem gerðar eru í spákaupmennsku- og misnotkunarskyni, þ.m.t. léntöku, og veita einfalda stjórnsýslumeðferð, einkum fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stj. 91, 29.3.2019, bls. 25. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 83/2020 frá 12. Júní 2020 um breytingu á XI. viðauka (Rafræn fjarskipti, hljóð- og myndmiðlun og upplýsingasamfélagið) og bókun 37 með skrá sem kveðið er á um í 101. gr. við EES-samninginn (bíður birtingar).

(1) Stj. 367, 10.10.2018, bls. 112.

(2) Afstaða Evrópuþingsins frá 31. janúar 2019 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindunum) og ákvörðun ráðsins frá 18. febrúar 2019.

(3) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 733/2002 frá 22. apríl 2002 um að taka í notkun .eu höfuðlénið (Stj. 113, 30.4.2002, bls. 1).

(4) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 874/2004 frá 28. apríl 2004 um reglur um opinbera stefnu varðandi að taka í notkun .eu höfuðlénið og hlutverk þess ásamt meginreglum um skráningu (Stj. 162, 30.4.2004, bls. 40).

- 8) Til að tryggja betri vernd fyrir réttindi aðila til að semja við skráningarstofu og skráningaraðila ættu stofnanir, sem eru staðsettar í Sambandinu, að leysa deilur varðandi skráningu lénshæita undir höfuðléninu .eu með því að beita viðeigandi landslögum, án þess að það hafi áhrif á réttindi og skyldur sem aðildarríkið eða Sambandið viðurkennir og hljóttast af alþjóðlegum gerningum.
- 9) Framkvæmdastjórnin ætti að tilnefna skráningarstofu fyrir höfuðléninu .eu á grundvelli valaðferðar sem er opin, gagnsæ og án mismununar með hliðsjón af kostnaðarhagkvæmni og einfaldari stjórnsýslu. Í því skyni að styðja stafræna innri markaðinn, að skapa evrópskt auðkenni á Netinu og hvetja til netnotkunar yfir landamæri ætti að framselja valdið til að samþykkja gerðir, í samræmi við 290. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins, til framkvæmdastjórnarinnar að því er varðar hæfi- og valviðmiðanir og málsmeðferðina við tilnefningu skráningarstofunnar. Einkum er mikilvægt að framkvæmdastjórnin hafi viðeigandi samráð meðan á undirbúningsvinnu hennar stendur, þ.m.t. við sérfræðinga, og að þetta samráð fari fram í samræmi við meginreglurnar sem mælt er fyrir um í samstarfssamningi milli stofnana um betri lagasetningu frá 13. apríl 2016 ⁽⁵⁾. Til að tryggja jafna þátttöku við undirbúning framseldra gerða fá Evrópuþingið og ráðið í hendur öll skjöl á sama tíma og sérfræðingar aðildarríkjanna og hafa sérfræðingar þeirra kerfisbundinn aðgang að fundum sérfræðingahópa framkvæmdastjórnarinnar sem hafa umsjón með undirbúningi framseldra gerða.
- 10) Til að tryggja samræmd skilyrði fyrir framkvæmd þessarar reglugerðar ætti að fela framkvæmdastjórninni framkvæmdarvaldið til að samþykkja skrár yfir lénshæiti, sem aðildarríki hafa tekið frá og lokað fyrir, til að ákvarða meginreglurnar sem eiga að vera hluti af samningnum milli framkvæmdastjórnarinnar og skráningarstofunnar og til að tilnefna skráningarstofuna, þegar brýna nauðsyn ber til, einkum til að tryggja samfellu þjónustunnar. Þessu valdi ætti að beita í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 182/2011 ⁽⁶⁾. Taka ætti saman slíkar skrár með fyrirvara um tiltækileika lénshæitanna, að teknu tilliti til undirléna sem aðildarríkin hafa þegar tekið frá eða skráð.
- 11) Framkvæmdastjórnin ætti að gera samning við tilnefndu skráningarstofuna sem ætti að fela í sér ítarlegu meginreglurnar og málsmeðferðarreglurnar sem gilda um skráningarstofuna í tengslum við skipulag, stjórnsýslu og stjórnun á höfuðléninu .eu. Gildistími þessa samnings ætti að miðast við tiltekinn tíma og má endurnýja hann einu sinni án þess að þörf sé á nýrri valaðferð.
- 12) Meginreglurnar og málsmeðferðarreglurnar um hlutverk höfuðlénsins .eu ættu að fylgja með í viðauka við samninginn milli framkvæmdastjórnarinnar og tilnefndu skráningarstofunnar.
- 13) Þessi reglugerð hefur ekki áhrif á beitingu samkeppnisreglnanna sem kveðið er á um í 101. og 102. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins.
- 14) Skráningarstofan ætti að fara að meginreglunum um bann við mismunun og um gagnsæi og ætti að innleiða ráðstafanir til að tryggja sanngjarna samkeppni, sem framkvæmdastjórnin á að heimila fyrir fram, einkum þegar skráningarstofan veitir fyrirtækjum þjónustu sem hún á í samkeppni við á frálíggjandi mörkuðum.
- 15) Netfyrirtæki um úthlutun heiti og númer (ICANN-netfyrirtækið) bera, sem stendur, ábyrgð á að samræma úthlutun kóða, sem mynda landshöfuðlén, til skráningarstofa. Skráningarstofan ætti að gera viðeigandi samning við ICANN-netfyrirtækið þar sem kveðið er á um úthlutun landshöfuðlénsins .eu, að teknu tilliti til viðeigandi meginreglna sem ráðgjafarnefnd stjórnvalda hefur samþykkt.
- 16) Skráningarstofan ætti að gera viðeigandi vörslusamning til að tryggja samfelldni í þjónustu, einkum til að tryggja að ef um endurúthlutun eða aðrar ófyrirsjáanlegar aðstæður er að ræða verði áfram hægt að veita netþjónustu í samfélaginu með lágmarkstruflun. Skráningarstofan ætti að leggja daglega fyrir fulltrúa vörsluþjónustunnar rafrænt afrit af uppfærðu innihaldi gagnagrunns höfuðlénsins .eu.
- 17) Málsmeðferð til lausnar deilumálum utan dómstóla sem á að samþykkja ætti að samrýmast tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2013/11/ESB ⁽⁷⁾ og taka tillit til bestu alþjóðlegu starfsvenjanna á þessu sviði, einkum viðeigandi tilmæla Alþjóðahagverkastofnunarinnar (WIPO), til þess að tryggja, eins og framast er unnt, að komið sé í veg fyrir skráningar sem gerðar eru í spákaupmennsku- og misnotkunarskyni. Við þá málsmeðferð ætti að virða samræmdar reglur um málsmeðferð sem samrýmast þeim sem settar eru fram í samræmdri stefnu ICANN-netfyrirtækisins um lausn deilumála utan dómstóla að því er varðar lénshæiti.

⁽⁵⁾ Stjtið. ESB L 123, 12.5.2016, bls. 1.

⁽⁶⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 182/2011 frá 16. febrúar 2011 um reglur og almennar meginreglur varðandi tilhögun eftirlits aðildarríkjanna með framkvæmdastjórninni þegar hún beitir framkvæmdavaldi sínu (Stjtið. ESB L 55, 28.2.2011, bls. 13).

⁽⁷⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2013/11/ESB frá 21. maí 2013 um lausn deilumála neytenda utan dómstóla og um breytingu á reglugerð (EB) nr. 2006/2004 og tilskipun 2009/22/EB (tilskipun um lausn deilumála neytenda utan dómstóla (ADR)) (Stjtið. ESB L 165, 18.6.2013, bls. 63).

- 18) Í stefnunni um skráningar lénsheita .eu, sem gerðar eru í misnotkunarskyni, ætti að kveða á um að skráningarstofan sannprófi gögnin sem hún fær í hendur, einkum gögn um auðkenni réttshafa sem og gögn um að afturkalla og loka fyrir skráningu lénsheita í framtíðinni sem teljast vera, samkvæmt endanlegri ákvörðun dómstóls, ærumeiðandi, sýna kynþáttafordóma eða stríða gegn lögum aðildarríkis. Skráningarstofan ætti að leggja sig fram um að tryggja réttléika gagnanna sem henni berast og hún hefur undir höndum. Afturköllunarferlið ætti að fela í sér sanngjarnt tækifæri fyrir handhafa lénsheitis til að bæta fyrir hvers konar brot á hæfisviðmiðunum, kröfum um skráningar eða útistandandi skuldir áður en afturköllunin öðlast gildi.
- 19) Lénsheiti sem er hið sama, eða svo líkt að ruglingi gæti valdið, og annað heiti sem hefur rétt sem stofnað er til samkvæmt lögum Sambandsins eða landslögum og sem hefur verið skráð án réttar til heitisins eða lögmætra hagsmuna í heitinu ætti, að jafnaði, að afturkalla og, ef nauðsyn krefur, framselja til lögmæts handhafa. Ef í ljós kemur að slíkt lénsheiti hafi verið notað gegn betri vitund ætti ávallt að afturkalla það.
- 20) Skráningarstofan ætti að samþykkja skýra stefnu sem miðar að því að tryggja að borið sé í tæka tíð kennsl á skráningar lénsheita sem gerðar eru í misnotkunarskyni og, ef nauðsyn krefur, ætti hún að starfa með lögbærum yfirvöldum og öðrum opinberum aðilum sem vinna að öryggi á Netinu og upplýsingaöryggi og sem einkum láta sig varða baráttuna gegn slíkum skráningum, s.s. viðbragðsteymi í hverju aðildarríki vegna neyðartilvika er varða tölvuöryggi.
- 21) Skráningarstofan ætti að styðja löggæslustofnanir í baráttunni gegn glæpum með því að innleiða tækni- og skipulagsráðstafanir sem miða að því að gera lögbærum yfirvöldum kleift að hafa aðgang að gögnum skráningarstofunnar til að koma í veg fyrir, koma upp um, rannsaka og saksækja fyrir glæpi, eins og kveðið er á um í lögum Sambandsins eða landslögum.
- 22) Framkvæma ætti þessa reglugerð í samræmi við meginreglurnar um friðhelgi einkalífsins og vernd persónuupplýsinga. Skráningarstofan ætti að fara að viðeigandi gagnaverndarreglum, meginreglum og viðmiðunarreglum Sambandsins, einkum að því er varðar viðeigandi öryggiskröfur, og virða meginreglurnar um nauðsyn, meðalhóf, takmörkun vegna tilgangs og varðveislutímabil gagna. Einnig ætti innbyggð vernd persónuupplýsinga og sjálfgefín gagnavernd að vera innfæld í öll gagnavinnsluferfi og gagnagrunna sem hafa verið byggð upp og er viðhaldið.
- 23) Til þess að tryggja skilvirkt, reglubundið eftirlit ætti sjálfstæður aðili, a.m.k. á tveggja ára fresti, að gera úttekt á skráningarstofunni á hennar eigin kostnað í þeim tilgangi að staðfesta, með samræmismatsskýrslu, að skráningarstofan fari að kröfunum sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð. Skráningarstofan ætti að leggja þá skýrslu fyrir framkvæmdastjórnina í samræmi við samning hennar við hana.
- 24) Í samningnum á milli framkvæmdastjórnarinnar og skráningarstofunnar ætti að kveða á um málsmeðferðarreglur fyrir skráningarstofuna til að bæta skipulag, stjórnsýslu og stjórnun höfuðlénsins .eu í samræmi við fyrirmæli framkvæmdastjórnarinnar sem rekja má til eftirlitsstarfsemi framkvæmdastjórnarinnar eins og kveðið er á um í þessari reglugerð.
- 25) Í niðurstöðum sínum frá 27. nóvember 2014 undir fyrirsögninni „stjórnunarhættir Netsins“ árétaði ráðið skuldbindingu Sambandsins til að efla eftirlits- og stjórnunarkerfi á sviði fjölgagsmuna sem byggist á samræmdum og hnattrænum meginreglum um stjórnunarhætti Netsins. Altækir stjórnunarhættir Netsins vísa til þróunar og beitingar sameiginlegra meginreglna, venja, reglna, tilhögunar ákvarðanatöku og áætlana sem hafa áhrif á þróun og notkun Netsins hjá stjórnvöldum, í einkageiranum, borgaralegu samfélagi, hjá alþjóðastofnunum og í tæknisamfélaginu þar sem hver og einn gegnir tilteknu hlutverki.
- 26) Stofna ætti .eu-ráðgjafarhóp á sviði fjölgagsmuna sem hefði það hlutverk að gefa framkvæmdastjórninni ráð til þess að styrkja og víkka út framlag til góðra stjórnunarháttá skráningarstofunnar. Hópurinn ætti að endurspegla fjölgagsmunalíkan stjórnunarháttá Netsins og framkvæmdastjórnin ætti að tilnefna fulltrúa hópsins, að undanskildum þeim sem koma frá yfirvöldum aðildarríkis og alþjóðastofnunum, á grundvelli málsmeðferðar sem er opin, án mismununar og gagnsæ. Tilnefna ætti fulltrúa frá yfirvöldum aðildarríkis á grundvelli skiptikerfis til að tryggja nægilega samfellu í þátttöku í hópnum.
- 27) Framkvæmdastjórnin ætti að framkvæma mat á skilvirkni og hlutverki höfuðlénsins .eu. Við matið ætti að hafa hliðsjón af starfsvenjum tilnefndu skráningarstofunnar og mikilvægi verkefna hennar. Framkvæmdastjórnin ætti einnig að senda reglulega skýrslur til Evrópuþingsins og ráðsins um hlutverk höfuðlénsins .eu.

- 28) Í þessari reglugerð eru þau grundvallarréttindi virt og þeim meginreglum fylgt sem eru viðurkenndar í sáttmála Evrópusambandsins um grundvallarréttindi eins og bundið er í sáttmálunum, einkum að því er varðar vernd persónuupplýsinga, tjáningar- og upplýsingafrelsi og vernd neytenda. Virða ætti viðeigandi málsmeðferðarreglur Sambandsins til að tryggja að ákvæði í landslögum, sem hafa áhrif á þessa reglugerð, samrýmist lögum Sambandsins og einkum sáttmálanum. Skráningarstofan ætti að óska eftir leiðsögn framkvæmdastjórnarinnar í þeim tilvikum þar sem vafi leikur á um samræmi við lög Sambandsins.
- 29) Þar eð aðildarríkin geta ekki fyllilega náð markmiði þessarar reglugerðar, þ.e. að taka í notkun samevrópskt höfuðlén til viðbótar við landshöfuðlénin, og því verði betur náð á vettvangi Sambandsins, vegna umfangs þess og áhrifa, er Sambandinu heimilt að samþykkja ráðstafanir í samræmi við nálægðarregluna eins og kveðið er á um í 5. gr. sáttmálans um Evrópusambandið. Í samræmi við meðalhófsregluna, eins og hún er sett fram í þeirri grein, er ekki gengið lengra en nauðsyn krefur í þessari reglugerð til að ná því markmiði.
- 30) Til þess að takmarka hvers konar hættu á röskun á þjónustu sem höfuðlénin .eu veitir meðan á framkvæmd nýja reglurammans stendur er mælt fyrir um umbreytingarákvæði í þessari reglugerð.
- 31) Því ætti að breyta og fella niður reglugerð (EB) nr. 733/2002 og fella niður reglugerð (EB) nr. 874/2004.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

I. KAFLI

ALMENN ÁKVÆÐI

1. gr.

Viðfangsefni og markmið

1. Með þessari reglugerð er tekið í notkun landshöfuðlénin .eu og tiltæk afbrigði þess með öðru letri til þess að styðja við stafræna innri markaðinn, til að skapa auðkenni Sambandsins á Netinu og til að hvetja til netnotkunar yfir landamæri. Í henni er einnig mælt fyrir um skilyrði fyrir því að taka það í notkun, þ.m.t. tilnefning skráningarstofunnar og eiginleikar hennar. Með þessari reglugerð er einnig settur lagarammi og almennur stefnurammi sem tilnefnda skráningarstofan á að starfa innan.
2. Reglugerð þessi gildir með fyrirvara um fyrirkomulag aðildarríkja að því er varðar landshöfuðlén þeirra.

2. gr.

Skilgreiningar

Í þessari reglugerð er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

- 1) „Skráningarstofa“: eining sem falið er skipulag, stjórnsýsla og stjórnun á höfuðléninu .eu, þ.m.t. viðhald samsvarandi gagnagrunna og tengdrar opinberrar leitarþjónustu, skráning lénshéita, rekstur skráningarstofunnar fyrir lénshéiti, rekstur nafnaþjóna skráningarstofu fyrir höfuðlén og úthlutun svæðisskráa höfuðléna á vettvangi nafnaþjóna,
- 2) „skráningaraðili“: einstaklingur eða lögaðili sem veitir rétthöfum, á grundvelli samnings við skráningarstofu, þjónustu í tengslum við skráningu lénshéita,
- 3) „samskiptareglur um lénshéiti með sérþjóðlegum stöfum“: staðlar og samskiptareglur sem styðja notkun lénshéita með rittáknum sem eru ekki rittákn bandaríska staðalkóðans fyrir gagnaskipti ASCII-rittákna,
- 4) „WHOIS-gagnagrunnur“: gagnasafn sem inniheldur upplýsingar um tæknilega og stjórnsýslulega þætti skráninga undir höfuðléninu .eu,
- 5) „meginreglur og málsmeðferðarreglur um hlutverk höfuðlénsins .eu“: ítarlegar reglur um hlutverk og stjórnun höfuðlénsins .eu,
- 6) „skráning“: röð aðgerða og þrep málsferðar, frá upphafi til loka, sem skráningaraðilar og skráningarstofan annast að beiðni einstaklings eða lögaðila í þeim tilgangi að skrá lénshéiti í tiltekinn tíma.

II. KAFLI

AÐ TAKA Í NOTKUN HÖFUÐLÉNIÐ .EU

1. HLUTI

Almennar meginreglur

3. gr.

Viðmiðanir um hæfi til skráningar

Allir eftirfarandi aðilar geta óskað eftir skráningu eins eða fleiri lénsheita undir höfuðléninu .eu:

- a) borgari Sambandsins, óháð búsetustað,
- b) einstaklingur sem er ekki borgari Sambandsins en búsettur í aðildarríki,
- c) fyrirtæki með staðfestu í Sambandinu og
- d) stofnun með staðfestu í Sambandinu, sbr. þó beitingu landslaga.

4. gr.

Skráning og afturköllun lénsheita

1. Úthluta skal hæfum aðila lénsheiti ef beiðni hans hefur fyrst borist skráningarstofu með tæknilega réttum hætti, eins og kveðið er á um í málsmeðferðarreglum um skráningarbeiðnir á grundvelli b-liðar 11. gr.

2. Skráð lénsheiti skal ófáanlegt til frekari skráningar þar til skráningin hefur fallið úr gildi án endurnýjunar eða þar til lénsheitið hefur verið afturkallað.

3. Skráningarstofan getur afturkallað lénsheiti að eigin frumkvæði, án þess að fá úrskurðaraðila til að leysa deiluna utan dómstóla eða með dómsmeðferð, af eftirfarandi ástæðum:

- a) útistandandi ógreiddar skuldir við skráningarstofuna,
- b) handhafi lénsheitisins uppfyllir ekki hæfisviðmiðun skv. 3. gr.,
- c) um er að ræða brot handhafa lénsheitisins á kröfunum um skráningarbeiðnir sem mælt er fyrir um á grundvelli b- og c-liðs 11. gr.

4. Einnig er heimilt að afturkalla lénsheiti og, ef nauðsyn krefur, framselja það síðan til annars aðila að lokinni viðeigandi lausn deilumála utan dómstóla eða dómsmeðferð í samræmi við meginreglurnar og málsmeðferðarreglurnar um hlutverk höfuðlénsins .eu, sem mælt er fyrir um skv. 11. gr., ef heitið er hið sama, eða svo líkt að ruglingi gæti valdið, og annað heiti sem hefur rétt sem er stofnað til samkvæmt lögum Sambandsins eða landslögum og ef það:

- a) hefur verið skráð af handhafa þess án réttar til heitisins eða lögmætra hagsmuna í heitinu eða
- b) hefur verið skráð eða er notað gegn betri vitund.

5. Teljist lénsheiti aðildarríkis, samkvæmt ákvörðun dómstóls, vera ærumeiðandi, sýna kynþáttafordóma eða stríða gegn opinberri stefnu eða almannaöryggi, samkvæmt lögum Sambandsins eða landslögum sem samrýmast lögum Sambandsins, skal skráningarstofa, loka fyrir lénsheitið, að undangenginni tilkynningu um dómsúrskurð, og afturkalla það að undangenginni tilkynningu um endanlegan dómsúrskurð. Skráningarstofan skal í framtíðinni útiloka skráningu þeirra lénsheita sem hafa fengið slíkan dómsúrskurð, að því tilskildu að dómsúrskurðurinn sé í gildi.

6. Lénsheiti, sem eru skráð undir höfuðléninu .eu, skulu einungis vera framseljanleg til aðila sem uppfylla skilyrði fyrir skráningu lénsheita undir höfuðléninu .eu.

5. gr.

Tungumál, gildandi lög og lögsaga

1. Skráning lénsheita skal framkvæmd með öllum rittáknum opinberra tungumála stofnana Sambandsins, í samræmi við tiltæka alþjóðlega staðla eins og heimilað er samkvæmt viðeigandi samskiptareglum um lénsheiti með sérþjóðlegum stöfum.

2. Með fyrirvara um reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1215/2012 ⁽⁸⁾ eða um réttindi og skyldur, sem aðildarríkin eða Sambandið viðurkennir og stafa af alþjóðlegum gerningum, skal hvorki í samningum milli skráningarstofu og skráningaraðila né í samningum milli skráningaraðila og rétthafa lénsheita tilgreind önnur lög en þau sem gilda í einu af aðildarríkjunum, né heldur skal tilgreindur þar dómstóll, gerðardómur eða önnur stofnun, sem er staðsett utan Sambandsins, sem viðeigandi aðili til að leysa deilumál.

6. gr.

Að taka frá lénsheiti

1. Skráningarstofunni er heimilt að taka frá eða skrá ýmis lénsheiti sem eru talin nauðsynleg fyrir starfsemi hennar samkvæmt samningnum sem um getur í 4. mgr. 8. gr.
2. Framkvæmdastjórninni er heimilt að gefa skráningarstofunni fyriræli um að taka frá eða skrá lénsheiti beint undir höfuðléninu .eu til notkunar fyrir stofnanir og einingar innan Sambandsins.
3. Aðildarríkjunum er heimilt, með fyrirvara um lénsheiti sem þegar hafa verið tekin frá eða skráð, að tilkynna framkvæmdastjórninni skrá yfir lénsheiti sem:
 - a) ekki á að skrá samkvæmt landslögum þeirra eða
 - b) aðildarríkjunum er aðeins heimilt að skrá eða taka frá sem undirlén.

Að því er varðar b-lið fyrstu undirgreinar skulu slík lénsheiti takmarkast við almennt viðurkennd landfræðileg eða landfræðipólitísk hugtök sem hafa áhrif á stjórnmalalegt eða svæðabundið skipulag í aðildarríkjunum.

4. Framkvæmdastjórnin skal samþykkja skrárnar sem aðildarríkin tilkynna með framkvæmdargerðum. Þær framkvæmdargerðir skulu samþykktar í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 17. gr.

7. gr.

Skráningaraðilar

1. Skráningarstofan skal veita skráningaraðilum faggildingu í samræmi við málsmeðferðarreglur sem eru sanngjarnar, gagnsæjar og án mismununar og sem framkvæmdastjórnin hefur samþykkt fyrir fram. Skráningarstofan skal sjá til þess að málsmeðferð við faggildingu verði aðgengileg öllum og að hún verði á aðgengilegu sniði.
2. Skráningarstofan skal beita jafngildum skilyrðum við jafngildar aðstæður í tengslum við faggilta .eu-skráningaraðila sem veita jafngilda þjónustu. Skráningarstofan skal veita þeim skráningaraðilum þjónustu og upplýsingar með sömu skilyrðum og af sömu gæðum þegar hún veitir sjálf jafngilda þjónustu.

2. HLUTI

Skráningarstofa

8. gr.

Tilnefning skráningarstofunnar

1. Framkvæmdastjórnin skal samþykkja framseldar gerðir í samræmi við 18. gr. sem viðbót við þessa reglugerð með því að ákvarða hæfi- og valviðmiðanir og málsmeðferð fyrir tilnefningu skráningarstofunnar.
2. Framkvæmdastjórnin skal setja fram meginreglurnar, sem eiga að vera hluti af samningnum á milli framkvæmdastjórnarinnar og skráningarstofunnar, með því að nota framkvæmdargerðir. Þær framkvæmdargerðir skulu samþykktar í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 17. gr.
3. Framkvæmdastjórnin skal tilnefna einingu sem skráningarstofu eftir að málsmeðferðinni, sem um getur í 1. og 2. mgr., lýkur.

⁽⁸⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1215/2012 frá 12. desember 2012 um dómsvald og viðurkenningu á og fullnustu dóma í einkamálum og viðskiptamálum (Stjtíð. ESB L 351, 20.12.2012, bls. 1).

4. Framkvæmdastjórnin skal gera samning við tilnefndu skráningarstofuna. Í samningnum skal tilgreina reglurnar, stefnumiðin og málsmeðferðarreglurnar varðandi þjónustustarfsemi skráningarstofunnar og skilyrðin fyrir eftirliti framkvæmdastjórnarinnar með skipulagi, stjórnarsýslu og stjórnun skráningarstofunnar að því er varðar höfuðlénid .eu. Samningurinn skal hafa takmarkaðan gildistíma og unnt að endurnýja hann einu sinni án þess að þörf sé á að skipuleggja nýja valaðferð. Samningurinn skal endurspegla skyldur skráningarstofunnar og innihalda meginreglurnar og málsmeðferðarreglurnar um hlutverk höfuðlénsins .eu sem mælt er fyrir um á grundvelli 10. og 11. gr.

5. Þrátt fyrir 1., 2. og 3. mgr. er framkvæmdastjórninni heimilt, þegar brýna nauðsyn ber til, að tilnefna skráningarstofuna með því að innleiða framkvæmdargerðir sem öðlast gildi þegar í stað í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 3. mgr. 17. gr.

9. gr.

Eiginleikar skráningarstofunnar

1. Skráningarstofan skal vera stofnun sem ekki er rekin í hagnaðarskyni. Hún skal hafa skráða skrifstofu, yfirstjórn eða höfuðstöðvar innan yfirráðasvæðis Sambandsins.

2. Skráningarstofunni er heimilt að innheimta gjöld. Þau gjöld skulu tengjast beint þeim kostnaði sem stofnað er til.

10. gr.

Skyldur skráningarstofunnar

Skráningarstofunni er skylt að:

- a) efla höfuðlénid .eu í Sambandinu og í þriðju löndum,
- b) fara að reglum, stefnumiðum og málsmeðferðarreglum, sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð, að samningnum, sem um getur í 4. mgr. 8. gr., og einkum að lögum Sambandsins um gagnavernd,
- c) skipuleggja, reka og stjórna höfuðléninu .eu í þágu almannahagsmuna og tryggja mikil gæði, gagnsæi, öryggi, stöðugleika, fyrirsjáanleika, áreiðanleika, aðgengileika, skilvirkni, bann við mismunun, sanngjörn samkeppnisskilyrði og neytendavernd að því er varðar alla þætti stjórnunar og reksturs höfuðlénsins .eu,
- d) gera viðeigandi samning þar sem kveðið er á um úthlutun höfuðlénsins .eu, sbr. þó fyrirframsamþykki framkvæmdastjórnarinnar,
- e) skrá lénsheiti undir höfuðléninu .eu óski hæfi aðilinn, sem um getur í 3. gr., eftir því,
- f) tryggja, með fyrirvara um dómsmál og með fyrirvara um að öryggi hlutadeigandi aðila sé tryggt með tilliti til málsmeðferðar, möguleikann á að skráningaraðilar og réttihafar geti leyst deilumál vegna samninga við skráningarstofuna utan dómstóla,
- g) tryggja aðgengileika og heilleika gagnagrunna fyrir lénsheiti,
- h) gera samning, á eigin kostnað og með samþykki framkvæmdastjórnarinnar, við virtan fjárvörsluaðila eða annan fulltrúa vörsluþjónustu með staðfestu á yfirráðasvæði Sambandsins og tilnefna framkvæmdastjórnina sem réttihafa vörslusamningsins ásamt því að leggja daglega fram uppfært rafrænt afrit af innihaldi gagnagrunns höfuðlénsins .eu fyrir viðkomandi fjárvörsluaðila eða fulltrúa vörsluþjónustu,
- i) taka í notkun skrárnar sem um getur í 3. mgr. 6. gr.,
- j) stuðla að markmiðum Sambandsins á sviði stjórnunarháttá Netsins, m.a. með því að taka þátt í umræðu á alþjóðavettvangi,
- k) birta meginreglur og málsmeðferðarreglur um hlutverk höfuðlénsins .eu, sem mælt er fyrir um á grundvelli 11. gr., á öllum opinberum tungumálum stofnana Sambandsins,
- l) láta fara fram úttekt, á eigin kostnað, á vegum óháðs aðila a.m.k. á tveggja ára fresti til að votta að hún samrýmist þessari reglugerð og senda niðurstöður slíkra úttekta til framkvæmdastjórnarinnar,
- m) að taka þátt í starfi .eu-ráðgjafarhóps á sviði fjölbhagsmuna og vera í samstarfi við framkvæmdastjórnina um að bæta hlutverk og stjórnun höfuðlénsins .eu, óski framkvæmdastjórnin eftir því.

*11. gr.***Meginreglur og málsmeðferðarreglur um hlutverk höfuðlénsins .eu**

Samningurinn, sem gerður er milli framkvæmdastjórnarinnar og tilnefndu skráningarstofunnar, í samræmi við 4. mgr. 8. gr., skal innihalda meginreglur og málsmeðferðarreglur um hlutverk höfuðlénsins .eu í samræmi við þessa reglugerð, þ.m.t. eftirfarandi:

- a) stefnu varðandi lausn deilumála utan dómstóla,
- b) kröfur og málsmeðferðarreglur um skráningarbeiðnir, stefnu um sannpröfun á skráningarviðmiðunum, stefnu um sannpröfun á gögnum réttshafa og stefnu um skráningu lénsheita sem gerðar eru í spákaupmennskuskyni,
- c) stefnu um skráningu lénsheita í misnotkunarskyni og stefnu um að bera tímanlega kennsl á lénsheiti sem hafa verið skráð og notuð gegn betri vitund sem um getur í 4. gr.,
- d) stefnu um afturköllun lénsheita,
- e) meðferð hugverkaréttis,
- f) ráðstafanir til að gera lögbærum yfirvöldum kleift að hafa aðgang að gögnum skráningarstofunnar í þeim tilgangi að koma í veg fyrir, koma upp um, rannsaka og saksækja fyrir glæpi, eins og kveðið er á um í lögum Sambandsins eða landslögum sem samrýmast lögum Sambandsins, sbr. þó viðeigandi eftirlitsráðstafanir,
- g) nákvæmar málsmeðferðarreglur um hvernig eigi að breyta samningnum.

*12. gr.***WHOIS-gagnagrunnurinn**

1. Skráningarstofan skal setja upp og stjórna, af tilhlýðilegri kostgæfni, búnaði fyrir WHOIS-gagnagrunninn í þeim tilgangi að tryggja öryggi, stöðugleika og viðnámsþol höfuðlénsins .eu með því að veita nákvæmar og uppfærðar skráningarupplýsingar um lénsheiti undir höfuðlénninu .eu.
2. WHOIS-gagnagrunnurinn skal innihalda viðeigandi upplýsingar um tengiliði, sem hafa umsjón með lénsheitunum undir höfuðlénninu .eu, og um handhafa lénsheitanna. Upplýsingarnar um WHOIS-gagnagrunninn skulu ekki vera óþarflega umfangsmiklar með tilliti til tilgangs gagnagrunnsins. Skráningarstofan skal starfa í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 2016/679 ⁽⁹⁾.

3. HLUTI

Umsjón með skráningarstofunni*13. gr.***Eftirlit**

1. Framkvæmdastjórnin skal vakta og hafa eftirlit með skipulagi, stjórnýslu og stjórnun skráningarstofunnar í tengslum við höfuðlénið .eu.
2. Framkvæmdastjórnin skal ganga úr skugga um að fjármálastjórnun skráningarstofunnar sé traust og að hún samrýmist ákvæðum þessarar reglugerðar og meginreglum og málsmeðferðarreglum um hlutverk höfuðlénsins .eu eins og um getur í 11. gr. Framkvæmdastjórninni er heimilt að óska eftir upplýsingum frá skráningarstofunni í því skyni.
3. Í samræmi við eftirlitsstarfsemi sína er framkvæmdastjórninni heimilt að gefa skráningarstofunni sértæk fyrirmæli til að breyta eða bæta skipulag, stjórnýslu og stjórnun í tengslum við höfuðlénið .eu.
4. Framkvæmdastjórninni er heimilt, eins og við á, að hafa samráð við .eu-ráðgjafarhópinn á sviði fjölgagsmuna og aðra viðkomandi hagsmunaaðila og að leita sérfræðiráðgjafar varðandi niðurstöður eftirlitsstarfseminnar, sem kveðið er á um í þessari grein, ásamt því að leita leiða til að bæta skipulag, stjórnýslu og stjórnun skráningarstofunnar í tengslum við höfuðlénið .eu.

⁽⁹⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/679 frá 27. apríl 2016 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga og niðurfellingu tilskipunar 95/46/EB (almenna persónuverndarreglugerðin) (Stjtíð. ESB L 119, 4.5.2016, bls. 1).

*14. gr.***.eu-ráðgjafarhópur á sviði fjölhagsmuna**

1. Framkvæmdastjórnin skal stofna .eu-ráðgjafarhóp á sviði fjölhagsmuna. Sá ráðgjafarhópur skal sinna eftirfarandi verkefnum:
 - a) veita framkvæmdastjórninni ráð um framkvæmd þessarar reglugerðar,
 - b) gefa framkvæmdastjórninni álit um stefnumótandi málefni varðandi stjórnun, skipulag og stjórnsýslu í tengslum við höfuðlénið .eu, þ.m.t. málefni varðandi öryggi á Netinu og gagnavernd,
 - c) veita framkvæmdastjórninni ráð um málefni varðandi vöktun og eftirlit með skráningarstofunni, einkum að því er varðar úttektina sem um getur í 1-lið 10. gr.,
 - d) veita framkvæmdastjórninni ráð um bestu starfsvenjur að því er varðar stefnumið og ráðstafanir gegn skráningum lénsheita í misnotkunarskyni, einkum skráningum án réttinda eða lögmætra hagsmuna og skráningum sem notaðar eru gegn betri vitund.
2. Framkvæmdastjórnin skal taka til greina hvers konar ráð sem .eu-ráðgjafarhópurinn á sviði fjölhagsmuna veitir við framkvæmd þessarar reglugerðar.
3. Fulltrúar hagsmunaaðila, sem hafa staðfestu í Sambandinu, skulu valdir í .eu-ráðgjafarhópinn á sviði fjölhagsmuna. Þeir fulltrúar skulu koma úr einkageiranum, tæknisamfélaginu, borgaralega samfélaginu og háskólasamfélaginu sem og frá yfirvöldum aðildarríkja og alþjóðastofnunum. Framkvæmdastjórnin skal tilnefna aðra fulltrúa en þá sem koma frá yfirvöldum aðildarríkja og alþjóðastofnunum á grundvelli málsmeðferðar sem er opin, án mismununar og gagnsæ, að teknu ýtrasta tilliti til meginreglunnar um jafnrétti kynjanna.
4. Þrátt fyrir 3. mgr. er .eu-ráðgjafarhópnum á sviði fjölhagsmuna heimilt að hafa innan sinn raða einn fulltrúa hagsmunaaðila með staðfestu utan Sambandsins.
5. Fulltrúi framkvæmdastjórnarinnar skal fara með formennsku í .eu-ráðgjafarhópnum á sviði fjölhagsmuna eða einstaklingur sem framkvæmdastjórnin tilnefndir. Framkvæmdastjórnin skal sjá .eu-ráðgjafarhópnum á sviði fjölhagsmuna fyrir skrifstofuþjónustu.

III. KAFLI

LOKAÁKVÆÐI*15. gr.***Áskilnaður réttinda**

Sambandið skal halda eftir réttindum varðandi höfuðlénið .eu, einkum hugverkaréttindum eða öðrum réttindum gagnagrunna skráningarstofunnar, sem eru nauðsynleg til að tryggja framkvæmd þessarar reglugerðar, sem og réttindum til að endurtilnefna skráningarstofuna.

*16. gr.***Mat og endurskoðun**

1. Eigi síðar en 13. október 2027 og á þriggja ára fresti eftir það skal framkvæmdastjórnin meta framkvæmd, skilvirkni og hlutverk höfuðlénsins .eu, einkum á grundvelli upplýsinganna sem skráningarstofan leggur fram samkvæmt 1-lið 10. gr.
2. Eigi síðar en 30. júní 2020 skal framkvæmdastjórnin meta, að teknu tilliti til gildandi venja, hvort og hvernig skráningarstofan á að starfa með Hugverkastofu Evrópusambandsins og öðrum sérstofnunum Sambandsins með það fyrir augum að berjast gegn skráningum lénsheita sem gerðar eru í spákaupmennsku- og misnotkunarskyni og hvort og hvernig ákvarða eigi einfalda stjórnsýslumeðferð, einkum fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki. Framkvæmdastjórninni er heimilt að leggja til frekari ráðstafanir hvað þetta varðar, ef þörf krefur.
3. Eigi síðar en 13. október 2024 skal framkvæmdastjórnin meta möguleikann á að vikka út viðmiðanirnar, sem settar eru fram í 9. gr., og henni er heimilt, ef við á, að leggja fram tillögu að nýrri löggjöf.
4. Framkvæmdastjórnin skal leggja skýrslu fyrir Evrópuþingið og ráðið um niðurstöður matsins sem um getur í 1. og 2. mgr.

*17. gr.***Nefndarmeðferð**

1. Framkvæmdastjórnin skal njóta aðstoðar fjarskiptanefndarinnar sem komið var á fót með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 2018/1972 ⁽¹⁰⁾. Þessi nefnd skal vera nefnd í skilningi reglugerðar (ESB) nr. 182/2011.
2. Þegar vísað er til þessarar málsgreinar gilda ákvæði 5. gr. reglugerðar (ESB) nr. 182/2011.
3. Þegar vísað er til þessarar málsgreinar gilda ákvæði 8. gr. reglugerðar (ESB) nr. 182/2011 í tengslum við 5. gr. hennar.

*18. gr.***Beiting framsals**

1. Framkvæmdastjórninni er falið vald til að samþykkja framseldar gerðir að uppfylltum þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þessari grein.
2. Framkvæmdastjórninni skal falið vald til að samþykkja framseldu gerðirnar, sem um getur í 1. mgr. 8. gr., til fimm ára frá 18. apríl 2019. Framkvæmdastjórnin skal taka saman skýrslu um valdaframsalið eigi síðar en níu mánuðum fyrir lok fimm ára tímabilsins. Valdaframsalið skal framlengt með þegjandi samkomulagi um jafnlangan tíma, nema Evrópuþingið eða ráðið andmæli þeirri framlengingu eigi síðar en þremur mánuðum fyrir lok hvers tímabils.
3. Evrópuþinginu eða ráðinu er hvenær sem er heimilt að afturkalla valdaframsalið sem um getur í 1. mgr. 8. gr. Með ákvörðun um afturköllun skal binda enda á valdaframsalið sem um getur í þeirri ákvörðun. Ákvörðunin öðlast gildi daginn eftir birtingu hennar í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* eða síðar, eftir því sem tilgreint er í henni. Hún skal ekki hafa áhrif á gildi framseldra gerða sem þegar eru í gildi.
4. Framkvæmdastjórnin skal, áður en framseld gerð er samþykkt, hafa samráð við sérfræðinga sem hvert aðildarríki hefur tilnefnt í samræmi við meginreglurnar sem mælt er fyrir um í samstarfssamningnum milli stofnana um betri lagasetningu frá 13. apríl 2016.
5. Um leið og framkvæmdastjórnin samþykkir framselda gerð skal hún samtímis tilkynna það Evrópuþinginu og ráðinu.
6. Framseld gerð, sem er samþykkt skv. 1. mgr. 8. gr., skal því aðeins öðlast gildi að Evrópuþingið eða ráðið hafi ekki haft uppi nein andmæli innan tveggja mánaða frá tilkynningu um gerðina til Evrópuþingsins og ráðsins eða ef bæði Evrópuþingið og ráðið hafa upplýst framkvæmdastjórnina, áður en fresturinn er liðinn, um þá fyrirætlan sína að hreyfa ekki andmælum. Þessi frestur skal framlengdur um tvo mánuði að frumkvæði Evrópuþingsins eða ráðsins.

*19. gr.***Umbreytingarákvæði**

1. Handhafar lénsheita sem hafa lénsheiti sem skráð voru skv. b-lið 2. mgr. 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 733/2002 skulu halda réttindum sínum í tengslum við núgildandi skráð lénsheiti.
2. Eigi síðar en 12. október 2021 skal framkvæmdastjórnin gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tilfærna einingu sem skráningarstofu og gera samning við hana samkvæmt þessari reglugerð. Samningurinn skal taka gildi frá og með 13. október 2022.
3. Samningurinn sem gerður var milli framkvæmdastjórnarinnar og skráningarstofunnar, samkvæmt c-lið 1. mgr. 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 733/2002, skal vera áfram í gildi til og með 12. október 2022.

⁽¹⁰⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1972 frá 11. desember 2018 um setningu evrópskra reglna um rafræn fjarskipti (Stjtíð. ESB L 321, 17.12.2018, bls. 36).

20. gr.

Breyting á reglugerð (EB) nr. 733/2002

Í stað b-liðar 2. mgr. 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 733/2002 komi eftirfarandi:

- „b) skrá lénsheiti undir höfuðlénið .eu fyrir milligöngu faggiltra .eu-skráningaraðila að beiðni:
- i. borgara Sambandsins, óháð búsetustað,
 - ii. einstaklings sem er ekki borgari Sambandsins en búsettur í aðildarríki,
 - iii. fyrirtækis með staðfestu í Sambandinu eða
 - iv. stofnunar með staðfestu í Sambandinu, sbr. þó beitingu landslaga.“

21. gr.

Niðurfelling

Reglugerðir (EB) nr. 733/2002 og (EB) 874/2004 eru felldar úr gildi frá og með 13. október 2022.

22. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 13. október 2022.

Ákvæði 20. gr. gilda hins vegar frá 19. október 2019.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 19. mars 2019.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,

A. TAJANI

forseti.

Fyrir hönd ráðsins,

G. CIAMBA

forseti.